



Alþingi
Erindi nr. P /38/24
komudagur 30.10.2009

Nefndasvið Alþingis
Félags- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28.10 2009
Mál 200910-0029

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lögum um nauðungarsölu, 90. mál.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) styður mjög eindregið framgang þessa máls. ASÍ vekur athygli á því ekki eru enn til staðar fullnægjandi réttarúræði fyrir þann hóp skuldara sem á í verulegum greiðslu- og afkomu vandræðum. Yfir stendur endurskoðun á 10. Kafli gjaldþrotalaga (greiðsluaðlögun) og lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlána en þeirri vinnu mun vonandi ljúka í nóvember og þá tekur við meðferð málsins á Alþingi. Frestun uppboða til loka janúar mun því að líkindum ekki duga.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl,
lögfræðingur ASÍ.